



Nánar
á bls. 5

Menningarsalurinn kominn á lokasprettinn

Ífrumvarpi til fjárlaga fyrir Íríð 2021 fær Menningarsalur Suðurlands fjárheimild sem nemur um 140,5 m.kr. sem greiðist á tveimur árum. Heildarframlag til verksins frá hendi ríkisins er því 281 m.kr. Framkvæmdirnar eru hluti af fjárfestingaráttaki ríkisstjórnarinnar

til að sporna við niðursveiflu í efnahagslífinu í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19.

Mikil ánægja og gleði með fréttirnar

Sunnlendingar fögnuðu margir ákaft þegar þessi niðurstaða lá ljós fyrir. Menningarsalurinn

hefur verið baráttumál um áratugaskeið. Frá 2012 hefur Kjartan Björnsson, rakari á Selfossi að öðrum ólöstuðum tekið málið á sína arma og fylgt því fast að menningarsalurinn verði að veruleika. Inni í blaðinu er aðsend grein frá Kjartani um málefni menningarsalarins. -gpp

Góðar gjafir frá Árvirkjanum á Selfossi

Gjafir sem afhentar voru í Árvirkjanum á Selfossi koma að góðum notum ef marka má viðbrögð viðtakenda. Krabbameinsfélag Árnessýslu fékk að gjöf nokkur smáraftæki eins og kaffivél og ryksugu ásamt glæsilegri uppþvottavél. Þá fékk Björgunarsveitin Tintron í Grímsnes- og Grafningshreppi afar flotta borðuppþvottavél. Að lokum fékk klúbburinn Strókur á Selfossi stórt og veglegt sjónvarpstæki með öllum nýjustu valmöguleikum. Það var Jón Finnur Ólafsson sem afhenti gjafirnar fyrir hönd Árvirkjans en Jóhann Helgi Konráðsson,



verslunarstjóri í versluninni var ekki langt undan. Félögin sem fengu gjafirnar frá Árvirkjanum koma á framfæri sínum ítrustu

þökkum fyrir framlagið, það muni nýtast starfsemi þeirra vel og koma til góða.



Lobbýið opnað á Selfossi

Mánudaginn 5. október sl. opnaði ný hársnyrtistofa sem ber nafnið Lobbýið, dyr sínar að Eyraveggi 2 á Selfossi, þar sem Riverside café & bistro var áður til húsa. Eigendur stofunnar eru þau Gústaf Lillindahl, rekstrarstjóri, Unnur Ósk Magnúsdóttir og Rebekka Kristinsdóttir. „Stofan okkar leggur áherslu á notalegt umhverfi og lúxuspjónstu. Við höfum lagt mjög hart að okkur sl. einn og hálfan mánuð við að gera stofuna eins flotta og við mögulega getum og erum við mjög stolt af útkomunni,“ segir Gústaf, uppfullur af spenningi. Á stofunni verður að finna sama starfsfólk og var á Bylgjum og börtum, sem var lokað í síðustu viku, en ásamt eigendum eru Elín Gestsdóttir og Þóra Valdís Hilmarsdóttir að vinna á stofunni.

Mikil óvissa með framkvæmdirnar

„Meðan á framkvæmdum stóð ríkti auðvitað mikil óvissa í samfélaginu vegna þriðju bylgju Covid-19. Eg verð að viðurkenna að það var alveg smá stress í okkur hvort við myndum fá að opna í byrjun

október eins og til stóð,“ segir Gústaf. Það tókst, en sóttvarnaaðgerðir gera ráð fyrir að hársnyrtistofur geti enn verið opnar. Gústaf bætir við að sóttvarnir verði, líkt og áður, upp á tíu: „Við höldum áfram að nota grímurnar góðu, ásamt því að vera með spritt úti um allt.“

Ólík öðrum stofum

„Það sem gerir stofuna ef til vill frábrugðna öðrum er t.d. að við erum með sér sjampóherbergi þar sem kúnnarnir okkar geta fengið að slaka á í ró og næði á meðan verið er að þvo eða skola hárið þeirra,“ segir Gústaf, en hugmyndina að því herbergi fékk hann í Svíþjóð þar sem hann og Unnur Ósk voru að vinna. „Einnig viljum við að fólk fái ákveðinn dekurfíling þegar það kemur til okkar í klippingu eða litun,“ segir Gústaf, en vill þó ekki útskýra það nánar. „Fólk verður bara að mæta á staðinn,“ segir hann með bros á vör. „Við erum öll sjúklega spennt fyrir þessari nýju stofu okkar og vonum við að fólk eigi eftir að eiga notalegar stundir hjá okkur í stóluunum,“ segir Gústaf í lokin.

Fáðu
fagmann
í verkið

20 ára
2000-2020

PÍPULAGNIR
HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is



MENNINGAR- MÁNUÐURINN OKTÓBER 2020

Fjölbreyttir viðburðir fyrir alla aldurshópa

Tónleikar, sýningar, sögukvöld, menningargöngur, listasmiður og margt, margt fleira.

Nánar um dagskrá menningarmánaðarins í viðburðadagatali sveitarfélagsins.

www.arborg.is/vidburdalisti

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

AÐALFUNDI FRESTAÐ

Aðalfundi Veiðifélags Árnesinga, sem halda átti fimmtudaginn 8. október, hefur verið frestað fram í apríl 2021.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga

Við komumst í gegnum þetta!



Þegar ég var ung móðir og átti eitt barn stóð ég inni í eldhúsi einn daginn og var að elda mat. Ég heyrði innan úr stofu þar sem fréttirnar voru lesnar. Í þessum fréttatíma var verið að tala um fuglaflensuna. Ég get ímyndað mér að mörg ykkar hafi heyrt um hana. Ég man að ég fylltist skelfingu og á augabragði var ég búin að skipuleggja flóttu upp í fjall með barnið mitt og manninn minn. Allir fuglar yrðu bannaðir og þannig myndum við sleppa. Ég áttaði mig ekki á því á þessari stundu að ég var komin með mikinn kvíða. Ég áttaði mig ekki á því að óttinn var farin að stjórna líkama mínum, blóðrásinni, hjartanu, það var kominn herpingur í magann og ég var farin að svitna.



við höfum ekki stjórn á aðstæðum eða okkur finnst við ekki hafa það. Örökréttar ákvarðanir geta svo komið í kjölfar stjórnseminnar sem kemur niður á þeim sem í kringum okkur eru.

Þess vegna er mikilvægt að staldra við og greina hvaða tilfinningar eru á bakvið gjörðir okkar.

Það skiptir miklu máli hvað þú innbyrðir í daglegu lífi. Samfélagsmiðlar eru fljótir að átta sig á því hverju þú hefur áhuga á og senda þér upplýsingar um það. Þinn veggur á Facebook er líklega gjörólíkur annarra. Þú ert það sem þú borðar. Þú ert það sem þú horfir á. Þú verður oft það sem þú skrollar í gegnum. Þú verður eins og þeir sem þú umgengst.

Það besta sem þú getur gert til að upplifa hugarró er að afneita ekki tilfinningum þínum. Ekki trú á því að allir í kringum þig séu pollrólegir en þú sért eina manneskjan sem upplifir einhvern óróleika. Ekki halda að það séu allir „meðitta“ þarna úti. Við höfum öll einhverjar glímur í lífinu en það er misjafnt hvernig við tökumst á við það. Þess vegna er mikilvægt fyrir okkur að vera með andleg verkfæri í verkfærakassanum okkar til þess að takast á við óvæntar aðstæður, streitu og óvissu. Mín hvatning til þín er að þú veljir 4-5 verkfæri til að fókusa á næstu vikurnar. Þau verkfæri sem ég sæk mest í og gefa mér mesta hugarró eru þakklætisæfingar, bæn/hugleiðsla, hreyfing, góð næring og félagsleg tengsl. Hvaða verkfæri myndu henta þér næstu vikurnar?

Ég hvet þig til að taka ábyrgð á eigin heilsu. Bæði andlega og líkamlega með því að koma inn rúttinu sem hleður þig andlega og líkamlega. Við munum komast í gegnum þetta.

*Kærleikskveðja,
Gunna Stella*

UNDRALAGNIR
ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA
SÍMI 8484768
UNDRALAGNIR@GMAIL.COM
JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysra@keysra.is - www.keysra.is - [f /keysra.is](https://www.facebook.com/keysra.is)

Landbúnaðarráðherra heimsækir Reykholt

Kristján Þór Júlíusson, landbúnaðarráðherra, kom í heimsókn í Reykholt í síðustu viku til að skoða þá miklu uppbyggingu í garðyrkjunni sem þar er að eiga sér stað. Þrjár garðyrkjustöðvar í Reykholti eru að stækka umtalsvert við sig eða um 10.000 fermetra samanlagt. Þessar garðyrkjustöðvar eru Espiflöt, Gufuhlíð og Friðheimar. Með þessum stækunum verða í Reykholti stærstu tómát-, gúrku- og blómagarðyrkjustöðvar landsins. Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður samninganefndar ríkisins um endurskoðun búvörusamninga,



var með ráðherra í för. Eftir að hafa skoðað byggingaframkvæmdir var sest niður og rætt um stöðu landbúnaðarins með þessum aðilum ásamt sveitarstjóra og fulltrúum úr sveitarstjórn Bláskógabyggðar. Meðal

þess sem rætt var um var raforkuverð til garðyrkjubænda, tollamál, afurðaverð til bænda og stöðu landbúnaðarins almennt og framtíðarhorfur greinarnar.

Það eru
78 DAGAR
til jóla



Höfum það kósý og notalegt !

Motivo

Hönnun, tíska og aþafavara

Austurvegur 9 Selfossi S.482 1700 Motivo.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar skipulagslýsingar eftirfarandi skipulagsáætlana.

1. Torfastaðir 1 L170828 - Breytt landnotkun - Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. september að kynna lýsingu fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í breytingunni felst skilgreining á 25 ha. svæði fyrir frístundabyggð innan jarðarinnar Torfastaðir 1 vestan Álftavatns.

2. Borg í Grímsnesi - Land sveitarfélags norðan Biskupstungnabrautar - Þéttbýli - Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. september að kynna lýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna fyrirhugaðra breytinga á þéttbýlisuppdrætti sem tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Í breytingunni felst m.a. skilgreining iðnaðarsvæðis vegna fyrirhugaðs hreinsivirkis fyrir fráveitu með minnkun íbúðasvæðis Íb4, skilgreining útvistarsvæðis norðan þéttbýlisins og minnkun íbúðasvæðis Íb2 á sama svæði, skilgreining á íþróttasvæði Í1 og minnkun íbúðasvæðis Íb4, skilgreining tjaldsvæðis T6 og niðurfelling A2 sem verður skilgreint sem útvistarsvæði Ú8 auk skilgreiningar á íbúðasvæði sem var áður blandað svæði íbúðar- og athafnasvæði AT1.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

3. Kjarnholt 2 L205291; Sameining lóða; Deiliskipulag - 2008099

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17.9.2020 deiliskipulag að Kjarnholti 2. Deiliskipulagið tekur til tveggja lóða L192978 og L205291. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir íbúðarhúsi, bílskúr, gróðurhúsi og hesthúsi.

4. Laugarvatn - Þéttbýli L224243 - Deiliskipulag, heildar endurskoðun

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 2.9.2020 heildar endurskoðun deiliskipulags að Laugarvatni. Deiliskipulagið tekur til þéttbýlisins í heild ef frá eru talin tjaldsvæði, hjólhýsasvæði og svæði merkt ÍB19 á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags. Frá gildistöku núgildandi deiliskipulags hafa verið gerðar 12 breytingar og eru þær teknar inn í heildar endurskoðun skipulagsins.

5. Stöng og Gjáin í Þjórsárdal - Deiliskipulag

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16.9.2020

deiliskipulag fyrir Stöng og Gjána í Þjórsárdal. Deiliskipulagssvæðið er í tvennu lagi og er um 11 ha. að stærð, annarsvegar er um að ræða Stöng og nágrenni og hins vegar Gjána. Innan skipulagsins er m.a. gert grein fyrir stígum, heimildum fyrir stækkun núverandi húss sem byggt var yfir rústir Stangarbæjarins, aðgengi fyrir hreyfihamlaða innan svæðisins og skilgreiningu bílastæða. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á salernisaðstöðu og geymslu auk göngubrúar yfir Rauðá. Gert er ráð fyrir hringleið um Gjána með brúm yfir ár og læki auk útsýnispalla og áningarstaða. Skilgreindur er tröppustígur niður í Gjána að austanverðu.

6. Sæluvellir (áður Réttarholt land) L189447 - Sælugrund, Leiti - Verslunar- og þjónustulóðir og landbúnaðarland - Deiliskipulag

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16.9.2020 deiliskipulag fyrir Sæluvelli, Sælugrund og Leiti. Í skipulaginu felst skilgreining lóða og byggingarheimilda innan svæðisins sem tekur til 9 byggingarreita þar sem m.a. er gert ráð fyrir gistipjónustu í landi Réttarholts, á verslunar- og þjónustusvæði og íbúðarhúsum á landbúnaðarlandi í landi Leitis og Réttarholts.

7. Syðra-Langholt 6 - Deiliskipulag

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 30.9.2020 deiliskipulag að Syðra-Langholti 6, L223470. Í skipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda innan lóðar þar sem m.a. er gert ráð fyrir sambyggðri reiðskemmu og hesthúsi, heimild fyrir bílskúr við núverandi íbúðarhús auk heimilda fyrir allt að 5 litlum gistihúsum auk þjónustuhúss og skemmu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is, www.fludir.is og www.skeidgnup.is

Skipulagslýsingar eru í kynningu frá 7.10.2020 til og með 28.10.2020 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 28.10.2020

Deiliskipulagstillögur eru auglýstar með athugasemdafresti frá 7.10.2020 til og með 20.11.2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 20.11.2020.

Athugasemdir og ábendingar skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vígús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Fræðslumoli um prentiðnað og pappír



Pappírs- og prentiðnaður er umhverfisvænn iðnaður, en Prentmet Oddi, eigandi Dagskrárinnar er vottað með umhverfismerki Svansins, sem og blaðið sjálft. Okkur langar í allri umræðunni um umhverfismál að skoða pappírs- og prentiðnaðinn á Íslandi og áhrif hans á umhverfi sitt. Fyrir svörum situr Kristjana Guðbrandsdóttir, sviðsstjóri prent- og miðlunarsviðs hjá Iðunni fræðslusetri.

**Oft þegar umræðan fer af stað með pappír og prentgrip
grípur fólk á lofti að pappír
hafi neikvæð áhrif á skóga,
eyði skógum og jafnvel
regnskógum. Er þetta rétt?**

„Nei, þetta er alrangt. Enginn pappír er framleiddur úr regnskógum. Eyðing regnskóganna er alls ekki af völdum pappírsiðnaðar. Pappírinn sem við notum er framleiddur úr sjálfbærum nytjaskógum á norðurhveli jarðar. Hringrás gróðursetningar, ræktun og skógarhöggs er vel stýrt og skógar-skógarnir vaxa gríðarlega á ári hverju. Vöxturinn hefur verið reiknaður í skemmtilega og lýsandi staðreynd svo fólk geti gert sér hann í hugarlund. Eða sem nemur vexti á stærð við 1500 fótboltavelli á hverju ári. Þetta er mikilvæg staðreynd því skógar eru okkur dýrmyndir í baráttunni við loftlagsbrevtingar.“



**Kristjana Guðbrandsdóttir,
sviðsstjóri prent- og miðl-
unarsviðs hjá Iðunni fræðslu-
setri.**

Stundum hefur verið talað um að pappírsmarkaður feli í sér mikla sóun. Hvernig er þessu háttað í raun?

„Nei, pappír er mest endurrunna vara heims. Hér á landi er endurvinnsluhlutfall á pappír mjög hátt, eða um 84%. Til samanburðar þá er endurvinnsla á plasti rétt um 30%. Það á að hvetja til aukinnar notkunar pappírs í staðinn fyrir til dæmis plast, t.d. í umbúðum og merkingum.

Er pappír sjálfbær? Og hvað með loftslagsáhrif af notkun pappírs?

„Já, pappírs- og prentiðnaður er ábyrgur og sjálfbær hátækni- og þjónustuiðnaður. Við eigum að styðja við slíkan iðnað. Það

hefur orðið mikil þróun síðustu áratugi í þessum iðnaði hvað varðar umhverfisvernd. Með því að nota pappír stuðlum við að ræktun nýttjaskóga. Eins og ég nefndi áðan þá eru skógar okkur dýrmætir, þeir veita okkur ánægju, en þeir binda líka kol-efni og vega upp á móti loftlags-áhrifum. Vissulega kostar sitthvað að endurvinna pappír, en það er óábyrgt að mæla á móti pappírsnotkun.“

Nú er mikið talað um rafræn samskipti í stað pappírs. Er það raunverulega svo að rafræn samskipti séu endilega betri?

„Það er mjög mikið hagræði af stafrænni tækni og við ættum ekki að horfa á þetta sem andstæður. Stafræn tækni kemur alls ekki að öllu leyti í stað fyrir notkun pappírs. Mjög gott dæmi um þetta eru vörubæklingar sem eru gefnir út ár eftir ár. Af hverju? Af því þeir skila árangri í markaðsstarfi. Svo getum við heldur ekki litið framhjá raf-rænum úrgangi, kolefnisspori netnotkunar og ágangi á auðlindir heims svo við getum haldið uppi stafrænni neyslu okkar. Við erum skammt á veg komin hvað þau mál varðar. Við erum mörg alin upp við þá sleggju-dóm að pappírnotkun feli í sér sóun og internetið sé kraftaverkaútsagn. Þvílík fjarstæða!“

Hvernig er þessu háttað hér á Íslandi með tilliti til endurvinnslu, innkaupa og prentiðnaðarins sem heildar? Stuðlum við að umhverfissvænni framleiðslu?

„Íslensk prentfyrirtæki eru brautryðjendur í umhverfismálum, nota virt vottunarkerfi sem ná til allrar aðfangakeðjunnar og stuðla að umhverfisvænni framleiðslu. Ríkisstjórnin hefur sett sér það markmiði að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040. Íslensk prentfyrirtæki gegna mikilvægu hlutverki hvað það varðar. Nú eru nýir tímar þar sem við þurfum að gæta að hverju skrefi. Það gildir ekki lengur að framleiða hluti eftir ódýrustu leiðum og skilja eftir sig stórt kolefnisspor. Við þurfum að hugsa þetta upp á nýtt. Við verðum að leggja þyngri áherslu á að framleiða hlutina hér heima og velja sjálfbæran iðnað. Þótt það sé dýrara vegna smæðar okkar þá margborgar það sig. Fyrir umhverfið, fyrir atvinnulífið og okkur sjálf.“



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er
Þórarinn Árni Guðnason.



Gott er að hafa hrísgrjón, soja, ferskt salat, fetaost og hvítlauksbrauð sem meðlæti.

Einnig er ég með uppskrift af
 bananabrauði sem er auðvelt
 að gera og alltaf jafn vinsælt.

2 „gamlir“ bananar
½ bolli sykur
1 bolli hveiti
½ tsk. matarsóði
¼ tsk. salt
Dass af kanil (eftir smekk)
1 egg
4-6 bitar af suðusúkkulaði
til að gera extra gott.

Öllum þurrefnum blandað saman í skál. Bananar stappaðir og suðusúkkulaði brytjað niður og bætt úti, ásamt einu eggi. Hrært saman með sleif þangað til allt er vel blandað saman. Sett í smurt „brauð“form og bakað í 30-35 mín. á blæstri á 180°C.

Það er alltaf gaman þegar draumar rætast og það er svo sannarlega að gerast núna þegar ég fæ að vera matgæðingur vikunnar. Þakka ég Didda fyrir það. Ég kyssi þig seinna, þegar covid er búið.

Pestókjúlli er réttur sem aldrei svíkur á mínu heimili.

4-5 kjúllabringur,
skornar í tvennt.
2-3 stk. hvítlauksrif
½ ltr. rjómi
(má vera matreiðslurjómi)
1 piparostur (rifinn niður)
½ - 1 krukka rautt pestó
2-3 msk. sojasósa
Smjör/olíu til steikingar
Salt og pipar

Aðferð:
Hvítlaukur smátt skorinn og léttsteiktur upp úr smjöri/olíu. Rjóma, pestói, piparosti og sojasósu bætt út í og látið malla. Gott er að steikja kjúklingabringurnar á annarri pönnu upp úr smjöri/olíu og brúna þær á báðum hliðum, salta og pipra eftir smekk. Þær síðan settar í eldfast mót. Sósunni hellt yfir bringurnar og látið malla í ofni á 180°C (blástur) í 25-30 mín. eða þangað til að bringurnar eru fullleddaðar.

Ég skora á Jón Ófeig Sverrisson, einn meðeigenda minn af Fjórum nögllum. Hann hefur ekki gefið sér mikinn tíma í eldhúsinu undanfarið en ég veit að hann mun töfra fram eitthvað „gúrmei“-dæmi fyrir ykkur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is
uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Íþróttaskóli Dímon hefur verið starfandi í 25 ár

Árið 1995 byrjaði Ólafur Elí Magnússon, eða Óli Elí eins og hann er jafnan kallaður, með íþróttaskóla á Hvolsvelli en þá var hann nýfluttur aftur á æskulóðir. Síðan þá hafa ansi mörg börn tekið þátt í íþróttaskólanum og þykir það alltaf jafn spennandi að byrja að sprikla á haustin. Íþróttaskólinn er á vegum Dímón og tveir elstu árgangarnir í leikskóla, þ.e. 4 og 5 ára börn geta tekið þátt. Þeim er aldurskrift í tvo hópa, annar hópurinn fer í praubtaubraut meðan hinn gerir skemmtilegar

æfingar með Óla. Fjórið er mikið og má sannarlega sjá framfarir í hreyfigetu hjá börnunum eftir veturinn.

Óli Elí hefur unnið með góðu fólki, gegnum árin, í Íþróttaskólanum en nú er það Ásdís Kristinsdóttir, frá Staðarbakka, sem heldur utan um hópinn með Óla. Einnig eru tveir aðstoðarmenn úr 9. bekk, þau Sigurþór Árni Helgason og Viktoría Vaka Guðmundsdóttir. Íþróttaskólinn er á mánudögum kl. 17:15-18:00.



Menningarsalur Sunnlendinga í augskýr

Árið 1972 var skóflustunga tekin fyrir nýju húsi á Selfossi sem innihélt hótél, samkomusali, félagsheimili og menningarsal. Miklar vonir og væntingar voru bundnar við nýtt hús í hinum vaxandi Selfossbæ á þessum tíma en fyrir höfðum við íbúarnir eitt besta danshús og bíó landsins í gamla Selfossbíói sem gegndi hlutverki samfélagsmiðstöðvar íbúanna og raunar allra sem hingað vildu koma, margar og bjartar minningar frá þessu magnaða húsi. Naut raunar þess heiðurs að leika á síðasta dansleik sem haldinn var í húsinu með hljómsveitinni Lótus á gamlárskvöld árið 1985 og fram á nýja árið 1986. Í febrúar var svo húsið rífið og síðar sama ár var stóra húsið með félagsheimili, veitingasölum, hóteli og menningarsal tekið í notkun oftast er það í daglegu tali nefnt Hótél Selfoss. Því miður var menningarsalurinn og félagsheimilisálman skilin eftir og er svo enn.

Margt hefur á dagana drifið eftir þetta tímabil, Kaupfélag Árnesinga keypti húsið í heild sinni af sveitarfélaginu með ferðabjónustu sem aðaláherslu og uppbyggingu menningarsalarins einnig og var myndarleg stækkun á hótelinu byggð við vesturendann og litlu munaði að menningarsalurinn

kæmist á skrið undir dyggri forystu Sigurðar Jónssonar, en því miður tókst það ekki, þegar harðnaði á dalnum í rekstri KÁ og ferðabjónustan náði sér ekki á strik. Síðar kom annað rekstrarfélag að hótelinu og fyrir mistök að margra mati datt menningarsalurinn óinnréttaði yfir til nýs félags við þessa eignatilfærslu,

Sveitarfélagið eignast salinn að nýju

Allt um það árið 2013 eignaðist Sveitarfélagið Árborg menningarsalinn að nýju með samningum og uppgjöri fasteignagjalda. Með þessum samningi skapaðist okkur tækifæri til þess aftur að vinna að því af krafti að klára menningarsalinn og skapa aðstöðu fyrir menningu í víðri merkingu fyrir menningartengda starfsemi í Sveitarfélaginu Árborg og á Suðurlandi öllu. Margir hafa verið í rýnihópum og unnið markvisst að því að koma menningarsalnum í gagníð á liðnum árum og lagt gott eitt til. Tónleikar og leiksýningar hafa verið haldnar meðal annars af nemendum í Fjölbrautaskólanum og ungmenningaráð Árborgar hefur lagst þungt á árarinn með okkur ásamt fleirum. Frá því ég tók sæti í bæjarstjórn árið 2012 hef ég helgað mig þessari



Menningarsalur Suðurlands er loks í augskýr. Í grein sinni rekur Kjartan Björnsson söguna allt frá skóflustungunni 1972.

baráttu að ná salnum í gagníð en vissulega höfðu ekki margir trú á því að það myndi nokkurn tíma ganga þar sem ekkert hafði gerst á síðustu áratugum. Við margar kosningar höfðu verið gefin loforð um að klára salinn en ekkert orðið af því. En þó gott sé að þekkja söguna þá getur verið gott stundum að sleppa baksýnispeglinum og horfa fram á við. Það höfum við gert á síðustu árum og notið til þess þverpólískrar samstöðu í bæjarstjórn, í íþrótt- og menningarnefnd, á vettvangi Samtaka sunn- lenskra sveitarfélaga og í þingmannahópi Sunnlandinga einnig höfum við átt gott samstarf við núverandi eigendur og rekstraraðila í Hótél Selfossi.

Samningur ríkisvaldsins um uppbyggingu menningarhúsa á landsbyggðinni er það sem við höfum viljað sækja í hendur ríkisins og á dögunum voru birtar tölur í næsta fjárlagafrumvarpi þar sem gert er ráð fyrir tveimur framlögum í verkefnið fyrir samtals um 280 milljónir. Bæjarstjórn Árborgar var samhljóða búin að samþykka að koma með samsvarandi framlag í verkefnið ef ríkið kæmi inn. Allar kynningararnar í menningarsalnum með ráðamönnum, þingmönnum, ráðherrum, sveitarstjórnarfólki og fleirum hefur þó skilað okkur á þennan stað og því ber að fagna. Byggingarnefnd hefur hafið störf og undirbýr að verkefnið fari af stað sem allra



fyrst eftir að lokahönnun liggur fyrir. Menningin á Suðurlandi fær góða aðstöðu til þess að efla sönglistina, leiklistina og önnur þau listform sem þarna munu rúmast. Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands fær aðstöðu til þess að leyfa okkur Sunnlandingum að njóta þess sem okkar opinberu menningarstofnanir hafa að bjóða. Nýr menningarsalur mun færa okkur mörg önnur tækifæri í ferðamennsku, fundum, ráðstefnum og tónleikahaldi svo dæmi séu tekin. Til hamingju Sunnlandingar.

Kjartan Björnsson, fulltrúi í íþrótt- og menningarnefnd og menningaráhugamaður.

TRÍÓ

MÁNAÐARINS

3

ÞRÍJAR PIZZUR AF MATSÆÐLI Á SJÓÐHEITU TILBOÐSVERÐI Í HVERJUM MÁNUÐI

STÖR PIZZA

PANTAÐ Á NETINU EÐA MEÐ APPINU OG GREITT FYRIRFRAM

→ EIN STÓR PIZZA ←

1.790 KR.

AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIRFRAM OG SÆKIR

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP



Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að heyra margfalt betur í fjölmenni og klíð. Þú getur fengið Opn S með endurhlaðanlegum rafhlöðum. Árni Hafstað sérfræðingur frá Heyrnartækni verður á Selfossi í október.

Selfoss
12. október

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimur 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Sími 568 6880

LEIKSKÓLASTJÓRI HEKLUKOTI Á HELLU

Byggðasamlagið Oddi bs óskar eftir að ráða leikskólastjóra við leikskólann Heklukot á Hellu. Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn til að ganga glaður til verka og leiða af dugnaði öflugt leikskólasamfélag með samstöðu og árangur að leiðarljósi.



Á starfssvæði byggðasamlagsins búa um 2000 íbúar en það eru sveitarfélögin Rangárbírg ytra og Ásahreppur sem standa að Odda bs. Leikskólinn Heklukot er 5 deilda leikskóli með um 80 börn. Á Heklukoti er unnið eftir stefnu Grænfánans og Heilsustefnunnar og mikil áhersla lögð á að vinna gæðastarf með börnum. Í undirbúningi er að reisa nýjan leikskóla á Hellu og því mjög spennandi tímar framundan. Skólastefnu Rangárbírgs ytra og Ásahrepps má finna á slóðinni: www.ry.is/is/ibuar/skolar/leikskolar-dagvistun

Gildi leikskólans á Heklukoti eru:

Leikur - Gleði - Lífsleikni.

Stefnt er að því að ráða í stöðuna frá 1. janúar næstkomandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Samninganefndar sveitarfélaga (SNS) og Félags stjórnenda leikskóla (FSL).

Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri byggðasamlagsins Odda bs.

Umsóknarfrestur er til 20. október nk. Umsóknum skal skila á netfangið agust@ry.is. Með umsókn skal skila starfsferilskrá, nöfnum 2 umsagnaraðila, stuttri kynningu á umsækjanda og greinargerð þar sem umsækjandi gerir grein fyrir sýn sinni á leikskólamáli og faglegri reynslu og getu sem nýtist í starfi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri í gegnum netfangið agust@ry.is eða í síma 4887000. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Réttur er áskilinn til að hætta við ráðningu og/ eða auglýsa stöðuna að nýju.

Á Hellu búa um 900 manns og stendur Leikskólinn Heklukot í hjarta þorpsins á einu fegursta bæjarstæði landsins við hina lygnu Ytri-Rangá. Í næsta nágrenni við leikskólann er Grunnskólinn á Hellu og Tónlistarskóli Rangæinga, Íþróttamiðstöð með frábærri sundlaug, sparkvelli og leik- og útiþróttasvæði. Á Hellu er margvísleg þjónusta og kraftmikil uppbygging m.a. hvað varðar fjölbreytt íbúðahúsnæði. Þar eru ótal möguleikar til að sinna áhugamálum og útveru af öllu tagi. Á Hellu er gott mannlíf og þar er tekið vel á móti fólki.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Veita faglega forystu og leiða þróun skólastarfs til framtíðar í samræmi við skólastefnu sveitarfélaganna sem standa að byggðasamlaginu Odda bs, aðalnámskrá leikskóla og lög um leikskóla.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi leikskólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun.
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða leyfisbréf skv. núgildandi lögum og farsæl starfsreynsla í leikskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða og/eða farsæl stjórnunarreynsla.
- Færni og reynsla í starfsmannastjórnun, stefnumótun og áætlanagerð.
- Hæfni í samskiptum og metnaður til árangurs.
- Reynsla í fjármálastjórnun kostur.

Heimavist opnuð við FSu

Undirritaður hefur verið samningur milli Fjölbrotaskóla Suðurlands (FSu) og Valdímars Árnasonar eiganda Selfoss Hostel um að rekin verði heimavist fyrir skólann að Austurvegi 28 á Selfossi.

Samningurinn er afrakstur vinnu starfshóps sem skipaður var af stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) í janúar 2019. Í hópnum sitja Einar Freyr Elínarson, oddviti Mýrdalshrepps og formaður hópsins, Anton Kári Halldórsson, oddviti Rangárbírgs eystra, Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps, og Nói Mar Jónsson tilnefndur af Ungmennaráði Suðurlands.

Starfshópurinn lagði ályktun fyrir stjórnir allra sveitarfélaga sem hlut eiga í skólanum. Þar var skorað á skólanefnd og stjórnendur skólans til að vinna að uppbyggingu heimavistar

og á mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér í málinu. Ályktunin var samþykkt samhljóða í öllum sveitarstjórnnum og í kjölfarið hófst vinna í ráðuneytinu. Henni lauk í maí sl. með ákvörðun ráðherra um að kannaður yrði möguleikinn á því að leigja húsnæði á Selfossi og starfrækja þar heimavist við FSu og var það gert með skólameistara og skólanefnd skólans. Nú hefur það verið gert og fram að áramótum verða í boði 10 herbergi á vistinni en árið 2021 verða þau 15. Heimavistin er hugsuð fyrir nemendur sem ekki hafa tækifæri til að nýta almenningssamgöngur til að mæta í skólann.

Niðurstaðan er mikið ánægjuefni fyrir Sunnlendinga enda er um að ræða lykilþátt þess að tryggja jafnrétti til náms fyrir ungmennti í landshlutanum.



Frá undirrituninni. Frá vinstri: Einar Freyr Elínarson, formaður starfshóps SASS, Valdímars Árnasonar, framkvæmdastjóri Selfoss Hostel, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og Olga Lís Garðarsdóttir, skólameistari FSu.

List fyrir alla í Víkurskóla

Í septembermánuði fengu nemendur og kennarar í Víkurskóla í Vík í Mýrdal góða gesti í skólann. Það voru þau Herdís Anna Jónsdóttir, víólu-leikari og Steef van Oosterhout, slagverksleikari. Þau eru bæði hljóðfæraleikarar í Sinfóníu-hljómsveit Íslands. Saman mynda þau dúett sem kallast

Dúó Stemma. Þau spiluðu, sungu og léku á ýmis hljóðfæri, hefðbundin og heimatilbúin m.a. hrossakjálka, skyrdós og sandpappír fyrir nemendur og starfsfólk skólans. „Sannarlega tónleikhús með fullt af spennandi hljóðum, íslenskum þulum og lögum“, sagði í tilkynningu frá skólanum. -gpp



Lögreglan á Suðurlandi leggur ekki sektir á naglana

Í tilkynningu frá Lögreglunni á Suðurlandi kemur fram að lögregla muni ekki leggja sektir á þá öikumenn sem hafa ákveðið að setja nagladekk undir bíla sína þrátt fyrir að ekki sé kominn fyrsti nóvember. Tímabil nagladekkja miðast við 1. nóvember til 14. apríl ár hvert.

Veðurfar hefur verið með þeim hætti að hálka og jafnvel snjór hafi verið á vegum. Vafalítið eru flestir farnir að huga að því að skipta um dekk á bílum sínum og gera klára fyrir veturinn sem senn kemur.

-gpp

Hælisleitendamálin í ólestri

Ertu að yfirgefa landið þitt í leit að betri lífskjörum? Ertu að yfirgefa landið þitt í leit að vinnu? Þetta eru ekki löglegar ástæður fyrir því að fá alþjóðlega vernd í Noregi. Þér verður vísað til baka. Þetta er texti úr auglýsingu sem norsk stjórnvöld birta á helstu netmiðlum. Auk þess er því komið á framfæri í auglýsingunni að reglur hafi verið hertar í Noregi. Danir hafa birt áþekkar auglýsingar. Árið 2004 var 48-tíma-reglan við afgreiðslu umsókna tekin upp í Noregi til að draga úr tilefnislausum umsóknum og gera kerfið skilvirkara.

Ríkisstjórn sósíaldemókrata í Danmörku ræðir að ekki verði tekið við hælisleitendum á danski grundu heldur í móttökustöð í Norður-Afríku til að girða fyrir að fólk leggi á sig hættuferð á manndræpsfleytum yfir Miðjarðarhafið. Fyrir fáeinum árum komu 6000 hælisleitendur að landamærum Nor-egs frá Rússlandi á nokkrum vikum. Eru stjórnvöld hér á landi viðbúin því að fá slíkan fjölda umsókna á fáeinum vikum? Dómsmálaráðherra lagði fram

frumvarp á Alþingi nú í vor um breytingu á lögum um útlendinga. Frumvarpinu er ætlað að gera stjórnvöldum kleift að afgreiða skjótt og örugglega umsóknir sem leiða ekki til veitingar alþjóðlegrar verndar. Frumvarpið náði ekki fram að ganga vegna ósættis í ríkisstjórninni. Brýnt er að einfalda og hraða málsmeðferð umsókna svo að auka megi skilvirkni og stytta málsmeðferðartíma.

Á ábyrgð Sjálfstæðisflokksins
Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft hælisleitendamálin á sinni könnu um árabíl. Hann sýnist skorta nauðsynlega festu og hefur ekki reynst fær um að taka á vandanum. Stjórnsýslan ræður ekki við að afgreiða umsóknir innan viðunandi frests og beinn kostnaður við framfærslu hælisleitenda eykst hratt. Á þessu ári kostar hann skattgreiðendur fjóra milljarða og fer ört hækkandi. Þögn ríkir um óbeinan kostnað. Samkvæmt tölum flóttamannahjálpar Sam- einuðu þjóðanna UNRWA er fyrir kostnað af hverjum hælisleitenda sem kemur til



Birgir Þórarinnsson
Þingmaður
Miðflokksins

Vesturlanda hægt að hjálpa a.m.k. 10 – 12 manns í heimalandi.

Okkur ber að aðstoða nauðstadda eftir föngum að teknu tilliti til fámennis þjóðarinnar. Koma ber í veg fyrir að mót- tókukerfi hælisleitenda sé mis- notað með röngum upplýsingum og tilhæfalausum umsóknum.

Ísland hefur ekki farið að fordæmi Dana og Norðmanna og auglýst strangt regluverk í útlendingamálum vegna þess að á Íslandi eru útlendingamálin í ólestri m.a. vegna stefnuleysis, ófullnægjandi stjórnsýslu og lagaprætna á kostnað skatt- greiðenda. Á vettvangi stjórnmálanna dugir ekki að hlaupast undan merkjum réttarríkisins af ótta við háværan minnihluta.

Umhverfisverðlaun Landgræðslunnar 2020

Landgræðsla ríkisins hefur afhent Umhverfisverðlaun Landgræðslunnar fyrir 2020. Í ár hlaut Rangárþing eystra verðlaunin fyrir friðun og uppgræðslu á Emstrum.

Emstrur hafa verið friðaðar frá 1990. Hefur sauðfé ekki verið rekið með skipulögðum hætti þangað síðan þá. Frá 2015 hefur Rangárþing eystra fengið styrk úr Landbótasjóði Landgræðslunnar, markvisst til að græða upp svæðið og einnig hafa félagasamtök og einstaklingar tekið að sér að græða upp valin svæði á af- réttinum.

Vegna ástandsins í sam- félaginu voru verðlaunin af- hent á sveitarstjórnarfundum í byrjun september. Fyrir hönd Landgræðslunnar voru þeir Árni

Bragason, landgræðslustjóri, og Gústav M. Ásbjörnsson.



Haustdýrðin í Tumastaða- og Tunguskógi

Þó svo það rigni heldur mikið þessa dagana þá er vel hægt að stunda skemmtilega útivist fyrir alla fjölskylduna. Ævintýraveröldin í Tumastaða- og Tunguskógi er einstaklega góður staður þar sem öll fjölskyldan getur fundið sér eitthvað til dundurs. Göngustígarnir í skóginum eru auðfarnir og búið er að setja upp lítil fróðleiksskilti á stöku stað til upplýsinga um m.a. uppbyggingu skógarins, hlaðna túngarða og umgengisreglur í skóginum.

Við bílastæði 3 má svo finna bekkir og borð, hlaðið eldstæði og salernisaðstöðu. Ef gengið er örstutt lengra inn í skógin þá má finna rólu og trjáhljóðfæri sem vekja mikla kátúna hjá yngstu kynslóðinni.



HVERAGERÐISBÆR

Útboð

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í:

Ræstingar fyrir Hveragerðisbæ

Verkið felur í sér ræstingar á hluta af húsnæði bæjarins. Um er að ræða skrifstofur, leikskóla og grunnskóla. Ræstir fletir í byggingum eru samtals 3.797 fermetrar og ræstir fletir grunnræstingar m.v. tíðni eru samtals 14.058 fermetrar á viku á sumartíma og 14.161 fermetrar á viku á vetrartíma.

Verktími: **1. febrúar 2021 til 31. janúar 2024.**

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með föstudeginum 9. október 2020. Þau, sem hyggjast gera tilboð í verkið, skulu hafa samband við Höllu Katrínu Svölu- og Arnardóttur hjá EFLU með tölvu- pósti á netfangið halla.katrin@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á Bæjarskrifstofu Hveragerðis- bæjar fyrir **kl. 10.00 fimmtudaginn 29. október 2020** og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim þjóð- endum sem þess óska.



Orlofshús Bárunnar stéttarfélags um jól og áramót 2020

Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins laus til umsóknar fyrir jól og áramót vikunnar:

23. desember 2020 – 30. desember 2020

30. desember 2020 – 6. janúar 2021.

Umsóknarfrestur er til 2. nóvember nk.

Hægt er að sækja um á orlofssíðu Bárunnar.

Einnig verður hægt að fá aðstoð við umsóknaferlið á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56, á Selfossi eða í síma Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna, 480 5000.

Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann 5. nóv. nk. Öllum umsóknum verður svarað.

Verð á vikuvöl í Þverlág 2, 4 og 6 og Grýluhrauni er 20.000 kr.
Vikuvöl í orlofsíbúð á Akureyri er 22.000 kr. (12 pkt.)

Leigutímabil er frá miðvikudegi til miðvikudags. Íbúðin Sóltúni 28, Rvk. verður í sveigjanlegri leigu eins og verið hefur hingað til.

Báran, stéttarfélag

Austurvegi 56 · 800 Selfoss
Sími 480 5000 · baran@baran.is · www.baran.is

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Strákarnir fögnuðu vel inni í klefa að leikslokum. Ljósmynd: Umf. Selfoss/DK

Frábær sigur gegn FH

HANDBOLTI Selfoss vann frábæran ólísdeildinni á föstudag, 25-24.

Leikurinn var mjög sveiflukenndur, Selfyssingar byrjuðu leikinn betur en FH-ingar náðu að svara og komust yfir. Strákarnir okkar náðu sér þó á strik fyrir lok hálfleiks og jafnt var, 13-13, þegar leikhlé skall á.

Áfram héldu sveiflurnar í seinni hálfleik. Selfyssingar byrjuðu gífurlega vel með 5-0 kafla. FH kom sér hægt og bitandi aftur inn í leikinn og

náðu loks að jafna þegar um sex mínútur voru eftir af leiknum. Við tóku spennandi lokamínútur eins og oft vill gerast í Hleðsluhöllinni. Selfyssingar komust yfir í stöðunni 25-24 þegar um fjórar mínútur voru eftir af leiktímanum, en það reyndust lokatölur leiksins. Gríðarlega góð vörn og markvarsla skiluðu Selfyssingum tveimur stigum í hús og fyrsta sigri á heimavelli á tímabilinu.

Mörk Selfoss: Hergeir Grímsson 6/1, Guðmundur

Hólmar Helgason 6, Atli Ævar Ingólfsson 4, Hannes Höskulds-son og Nökkvi Dan Elliðason 3, Einar Sverrisson 2 og Alexander Egan 1. Varin skot: Vilnius Rasmus 18 (38%).

Strákarnir eru í fimmta sæti deildarinnar með 5 stig. Októbermánuður er handboltamánuður og nóg um að vera. Strákarnir sóttu Hauka heim í Coca-Cola-bikarnum í gær en næsti leikur í deildinni er á úti-veilli gegn ÍR mánudaginn 12. október kl. 19:30. -esó

Gallsúrt stig á heimavelli

HANDBOLTI Ungmennalið Selfoss gerði jafntefli í sínum fyrsta heimaleik í Grill-66-deildinni gegn Fjölni á sunnudag, 33-33.

Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik og Selfoss U fór inn í hálfleik með eins marks forystu, 15-14. Selfyssingar settu svo sannarlega í fluggirinn í upphafi seinni hálfleiks og komust fljótt fjórum mörkum yfir, 19-15. Áfram héldu þeir að auka forskot sitt og voru komnir sjö mörkum yfir þegar seinni hálfleikur var rétt rúmlega hálfnaður, 28-21. En skjótt skipast veður í lofti, lokamínúturnar einkenndust af klaufamistöfum og agaleysi heimamanna. Fjölnismenn nýttu síðustu sóknirnar vel og jöfnuðu leikinn á lokasekúndunni.

Mörk Selfoss: Ísak Gústafsson 7, Andri Dagur Ófeigsson 6, Guðjón Baldur Ómarsson 5/1, Gunnar Flosi Grétarsson og Arnór Logi Hákonarson 4, Elvar Elí Hallgrímsson og Magnús Már Magnússon 3 og Alexander



Alexander varði frábærlega og auk þess að skora eitt mark úr uppstilltum sóknarleik. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ESÓ

Hrafnelsson 1. Varin skot: Alexander Hrafnelsson 20 (38%).

Selfoss U situr í sjötta sæti Grill-66-deildarinnar með þrjú

stig. Næsti leikur hjá U-liðinu er gegn Víkingum í Víkinni föstudaginn 16. október. -esó

Leikmenn mánaðarins
 Knattspyrnuvæðing Selfoss
 Október 2020

Soffia Náttól Andradóttir
 Leikmaður 3. flokks kvenna

Aron Leo Guðmundsson
 Leikmaður 5. flokks karla

selfossfotbolti
 selfoss.net/knattspyrna

Elínborg Katla framlengir

HANDBOLTI Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir hefur framlengt samning sinn við Selfoss til tveggja ára. Elínborg Katla, sem er vinstri skytta, er aðeins 16 ára gömul en gríðarlega efnileg og var m.a. lykilmaður í liði meistaraflokks kvenna, sem var aðeins hársbreidd frá því að komast upp í Ólísdeildina á seinasta tímabili. Handknattleiksdeildin er gríðarlega ánægð með að Elínborg Katla skuli vera áfram hluti af ungu og efnilegu liði meistaraflokks kvenna sem verður spennandi að fylgjast með í vetur. -esó



Elínborg Katla er efnileg vinstri skytta. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁÐG

Sjö Selfyssingar í æfingabúðum JSÍ á Hellu

JÚDÓ Dagana 25.-27. september fóru landsliðsæfingabúðir Júdosambands Íslands fram á Hellu. Æfingabúðirnar voru ætlaðar iðkendum í aldursflokki U18, U21 og senior og voru þær vel sóttar.

Sex Selfyssingar tóku þátt í æfingabúðunum þ.e. Egill Blöndal, Breki Bernhardsson, Sara Nugig Ingólfssdóttir, Claudiu Eremia Sohan, Hrafn Arnarsson og Böðvar Þór Arnarsson.

Jón Þór Þórarinnsson stýrði þjálfun æfingabúðanna en iðkendur nutu jafnframt leiðsagnar einvala liðs þjálfara og má þar nefna Yoshihiko Iura,



Egill (hvítur) tekst á við Árna Lund í æfingabúðum. Ljósmynd: JSÍ

Bjarna Friðriksson, Halldór Guðbjörnsson og Kára Jakobs-son að ógleymdum Selfyssingnum Garðari Skaptasyni. Í æfingabúðunum var mest áhersla á glímu og þrekæfingar en einnig var boðið upp á vinnustofu í íþróttasálfræði, en henni stýrði Helgi Pálsson, íþróttasálfræðingur.



Breki (hvítur) með Uchimata. Ljósmynd: JSÍ

Hrunamenn kláruðu Selfyssinga í 1. leikhluta

KÖRFUBOLTI Það blés ekki byrlega fyrir Selfossliðinu í upphafi leiks á Flúðum í kvöld og liðið mátti alls ekki við því að lenda 17 stigum undir eftir fyrsta leikhluta. Þótt Selfossstrákarnir vory 3 stigum yfir þær 30 mínútur sem eftir lifðu leiksins dugði það skammt og Hrunamenn fögnuðu verðskulduðum sigri í upphafsleik liðanna í 1. deild.

Eins og fyrr segir unnu Hrunamenn leikinn í fyrsta leikhluta. Þótt Selfoss næði að minnka muninn, sem mestur varð 21 stig, niður í 10 stig í tvígang í seinni hálfleik, þá settu heimamenn niður erfið skot og brutu niður áhlaupin, en lokatölur urðu 95-81, eða 14 stiga tap. Tölfræði liðanna var í þokkalegu jafnvægi, nema hvað 20 tapaðir boltar reyndust Selfossliðinu dýrkeyptir.

Þar sem helst skildi á milli var Corey Taite, hinn bandaríski bakvörður Hrunamanna, sem skoraði 42 stig, bjó til önnur 25 eða svo með 10 stoðsendingum og tók 6 fráköst; 45 framlagsstig, takk fyrir tókall! Perkovic gerði einnig vel með 12 stigum



Mynd: selfoskarfa.is

og 14 fráköstum, og Orri Ellertsson stimplaði sig rækilega inn með 15 stigum og afbragðsnýtingu. Karlo Lebo skilaði svo 11 stigum og Eyþór Orri og Ísak minntu á sig með 5 fráköstum hvor.

En að liði Selfoss. Gunnar Steinþórsson, 18 ára piltur, þurfti í stóra skó að fara í fjarveru Kristijans, og taka að sér að leiða liðið. Hann stóð heldur betur undir væntingum með 15 stig, 4 fráköst og 6 stoðsendingar en aðeins 1 tapaðan bolta, og var framlagshæstur Selfyssinga með 15 punkta, ásamt Arnóri Bjarka, sem einnig átti finan

dag, 12 stig, 67% skotnýting, 3 fráköst, 2 varin skot og 2 stoðsendingar. Aljaz Vidmar skilaði góðu framlagi af bekknum, 13 stigum og 5 fráköstum, og 100% nýtingu innan teigs. Þá stóð Sigmar Jóhann sannarlega fyrir sínu og Sveinn Búi skoraði 9 stig og tók 6 fráköst. Darryl var með tvöfalda tvennu, 14 stig og 11 fráköst og bætti við 2 vörðum skotum, en eins og fram hefur komið þarf hann tíma til að koma sér í stand. Allir 12 komu við sögu og 10 settu stig á töfluna.

Frétt af selfoskarfa.is

Göngustígar malbikaðir í Hveragerði

Undanfarið hafa nokkrir göngustígar verið malbikaðir í Hveragerði. Um er að ræða þrjá stíga í Kambahrauni, tvo stíga sem liggja milli Þelamerkur og Heiðmerkur við Borgarhraun og stígur frá Bjarkarheiði að Hótel Örk. Samtals eru stígarnir um 380 metrar að lengd. Það er mikil framför að fá þessa stíga malbikaða en á sumum af þessum stöðum er talsvert um liðið frá því að stígarnir voru gerðir og gótur fullbyggðar. Öll umgengni verður svo auðveldari svo sem snjómokstur. Með þessum stígum og þeim sem hafa verið malbikaðir undan-



farin ár nálgast það markmið að allir göngustígar í Hveragerði sem eiga að vera malbikaðir verði það. Um undirvinnu sáu verktakarnir Brynjólfur

Hilmarrson og Guðmundur Sigurðsson auk starfsmanna Hveragerðisbæjar en Hlaðbær-Colas malbikaði.

Af aðalfundi frjálsíþróttaráðs HSK

Aðalfundur frjálsíþróttaráðs HSK var haldinn í Selinu á Selfossi 29. september sl. Fundurinn átti að fara fram fyrr á árinu en var frestað vegna covid19. Tíu manns mættu á fundinn frá sex aðildarfélögum ráðsins.

Kosið var um þrjú sæti í stjórn ráðsins til tveggja ára. Helgi S. Haraldsson, Sigurður Kristinn Guðbjörnsson og Tinna Björnsdóttir gáfu öll kost á sér til áframhaldandi setu í ráðinu og voru kosin til áframhaldandi starfa. Anna Pálsdóttir gaf ekki kost á sér áfram þrátt fyrir að eiga ár eftir af sínu kjörtímabili. Eyrún María Guðmundsdóttir úr Íþrf. Dímon tók sæti í ráðinu til eins árs. Guðmundur Ólafsdóttir formaður ráðsins var kosin til tveggja ára á síðasta ári.

Ýmis mál voru rædd á fund-



Hluti fundarmanna. Eyrún María, sem tók sæti í ráðinu, er lengst til hægri á myndinni.

inum. Má þar nefna að stefnt er að því að halda héraðsleika fyrir keppendur 10 ára og yngri þann 1. nóvember. Þá var rætt um sumarið 2021 en þá heldur HSK unglingalandsmót á Selfossi auk þess að halda MÍ aðalhluta.

Samkvæmt drögum að mótaskrá munu mótin tvö verða haldin með mjög stuttu millibili svo mikið verður um að vera næsta sumar.

Fundargerð aðalfundarins má nálgast á www.hsk.is.

JÁVERK-völlurinn

Laugardaginn kl. 14:00

2. deild karla

Sunnudaginn kl. 14:00

JÁVERK-völlurinn

Sunnudagur
11. OKT 19:30
Grill 66 deild kvenna
HLEÐSLU HOLLIN

Ungbarnasund

Ný námskeið hefjast 20. okt.

Í boði eru margir hópar fyrir börn frá 2 mán. til ca. 7 ára.

Sjá nánar á selfoss.net.

Skráning er hafin á guggahb@simnet.is eða í síma 848 1626.

Guðbjörg H. Bjarnadóttir
íþróttakennari
Sunddeild Umf. Selfoss

IÐNAÐARBIL ÓSKAST

Óska eftir 100 – 150 m² iðnaðarbili á 1. hæð með góðu aðgengi.

3ja fasa rafmagn þarf að vera til staðar.

Staðsetning: Selfoss - Langtímaleiga.

Afhending í desember.

Tilboð og upplýsingar skulu sendar á ivar@dagar.is

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

TIL SÖLU

Nagladekk til sölu

Til sölu 4 nýleg nagladekk.
Stærð 205-55-R16. Verð 50.000
kr. Upplýsingar í síma 894 1115.

BÍLAR

KLETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástíllingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudag kl. 11.00.
Organisti er Jón Bjarnason. Sr.
Egill Hallgrímsson

Eyrarbakkakirkja

Sunnudagaskóli sunnudaginn
11. október kl. 11.00. Söngur,
sögur og samvera í umsjón
Sjafnar Þórarinsdóttur og sr.
Arnaldar Bárðarsonar.

TIL LEIGU

Íbúð til leigu í Hveragerði

Ný stúdíóíbúð til leigu í Hvera-
gerði. Leigist með húsgögnum
og heimilistækjum, ef fólk vill.
Laus 1. nóvember. Nánari uppl. í
síma 860 1957.

Íbúð til leigu

3 herbergja íbúð til leigu á besta
stað á Selfossi. Aðeins reglu-
samir og ábyggilegir koma til
greina. Húsdýr ekki leyfð.
Upplýsingar í síma 482 2185
eða 691 2185.

GEFINS

Sófasett

Sófasett 3+2 fæst gefins. Uppl. í
síma 659 6208.

Von

Haustið skartar nú sínu fegursta og við tekur vetur-
inn með öllum sínum geðbrigðum. Við vonum heitt
og innilega að hann fari um okkur mjúkum höndum.

Uppskrift vikunnar er að þessu sinni að flauelsmjúkri
ullarpeysu sem passar á eins árs. Víddin er 60 sm.

Uppskriftin verður fljótlega fáanleg hjá okkur í fleiri
barnastæðum.

Garn: Merino Extrafine 90 frá Hjertegarn, superwash,
úr merinoull og fæst í Hannyrðabúðinni í mörgum fal-
legum litum. 4 dokkur í aðallit og 1 dokka í hvorum
munsturlitanna.

Prjónar: Hringprjónar nr. 4 og 5, 40 og 60 sm. Sokka-
prjónar eða Crazy Trio nr. 4 og 5.

Prjónafesta: 18 lykkjur = 10 sm.

Gott ráð: Spuni eins og er á þessu garni er algengur
í ýmsum tegundum af merinogarni, margir tvinnaðir
þræðir undnir saman. Því þarf að vanda sérstaklega
þegar byrjað er á nýrri dokku (sem gott er að gera
í hliðunum) og þegar gengið er frá endunum. Ein
aðferð við að byrja á nýrri dokku er að
skipta nýja endanum og þeim sem er
að klárast í tvennt, leggja annan helm-
inginn af hvorum saman og prjóna
nokkrar lykkjur. Síðan þegar gengið er
frá endum í lok verksins eru hinir helm-
ingarnir hvor um sig faldir á röngunni á
hefðbundinn hátt.

Bolur: Fitjið upp með aðallit á prj nr
4, 110 lykkjur. Tengid saman í hring
og prjónið brugðning, 1 l. sl., 1 l. br. út
umferðina og í næstu umferð er slétta
lykkjan prjónuð snúin. Prjónið þannig
til skiptis alls 9 umferðir. Skiptið yfir á
prjón nr 5 og prjónið slétt þar til bolur
mælist 22 sm. Má lengja eða stytta
eftir smekk og líkamsbyggingu. Þegar
3 lykkjur eru eftir í síðustu umferðinni
eru 6 lykkjur settar á hjálparnælu fyrir
handveg.

Ermar: Fitjið upp með aðallit á sok-
kaprjóna eða Crazy Trio nr. 4, 28 lykkjur
og prjónið brugðning eins og á bol.
Skiptið yfir á prjón nr 5 og prjónið slétt.
Í fyrstu umferðinni er aukið jafnt út um
6 lykkjur. Eru þá á prjóninum 34 lykkjur.
Prjónið áfram og aukið út á miðri undir-
ermi um 2 lykkjur í 7. hverri umferð alls



5 sinnum. Þá eru á prjóninum 44 lykkjur. Prjónið
áfram þar til ermi mælist 22 sm. Setjið 6 lykkjur á
hjálparnælu á miðri undirermi í síðustu
umferðinni. Þá eru eftir 38 lykkjur.

Prjónið ermina við bolinn og prjónið
síðan áfram að hinum handveginum,
49 lykkjur (framstykki) og setjið næstu
6 lykkjur á hjálparnælu, Prjónið hina
ermina eins, prjónið hana við bolinn og
klárið umferðina, 49 lykkjur (bakstykki).

					26
					25
					24
					23
					22
					21
					20
					19
					18
					17
					16
					15
					14
					13
					12
					11
					10
					9
					8
					7
					6
					5
					4
					3
					2
					1

Berustykki: Nú eiga að vera á prjón-
inum 174 lykkjur. Setjið merki til að
sjá vel hvar ný umferð byrjar. Prjónið
berustykkið eftir munstrinu og athugið
að úrtaka er gerð í umferðum nr 15, 21
og 24. Skiptið yfir á styttri hringprjón
þegar það hentar. Þegar munstrinu er
lokið eru á prjóninum 87 lykkjur. Prjónið
nú eina umferð sl. og fækkið jafnt um
25 lykkjur með því að prjóna til skiptis 1
sl 2 sl saman og 2 sl og 2 sl saman. Þá
eru eftir á prjóninum 62 lykkjur. Skiptið
yfir á prjón nr 4 og prjónið brugðning
eins og áður. Fellið laust af.

Frágangur: Gangið frá endum. Lykkið
saman undir handvegum þvoði í volgu
sápuvatni, kreistið vatnið úr og leggið
til þerris.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314

ÁHEITAGANGA TIL
STYRKAR SJÓÐSINS GÓÐA

Félagskonur í Kvenfélagi
Grímsneshrepps ætla að ganga
Sólheimahringinn (um 24km)
laugardaginn 10. okt.

Öll áheit renna til Sjóðsins Góða

Reikningsnr. 152-26-20958
kt 420389-1329
Skýring: Áheit



Nokkur orð um réttindi og tennur

Tönnverndarhornið Sverrir Örn Hlökkversson, tannlæknir

Um tannlækningar gilda ýmis lög og reglur sem fæstir þekkja vel. Hér stikla ég á stóru yfir helstu réttindi sem gilda á Íslandi að hausti 2020. Samantektin er einfölduð og er ekki ætlað að vera tæmandi.

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ)

Til þess að njóta réttinda SÍ þarf viðkomandi að vera sjúkratryggður á Íslandi. Almennir heyra Íslendingar með lögheimili á Íslandi undir SÍ. Mikilvægt er fyrir þá sem flytja til landsins að huga vel að pappírsvinnu fyrir flutningana svo viðkomandi standi ekki utan sjúkratrygginga. Börn eru sjúkratryggð með foreldrum sínum.

Börn og SÍ

Sjúkratryggðir einstaklingar að 18 ára aldri falla undir samning frá 2013 um gjaldfrjálsar tannlækningar barna. Samningurinn nær yfir flest allar almennar tannlækningar, að tannréttingum undanskildum. Fyrir hvert barn greiðast 2.500 kr. í árlegt komugjald. Að öðru leyti fær barnið fríar skoðanir, myndatökur, viðgerðir og flest annað sem þarf að sinna.

Sérúrræði barna gagnvart SÍ

Einstaka atriði falla ekki undir barnasamninginn eða þarf að sækja sérstaklega um og fá þá samþykki SÍ fyrir. Um krónugerð, implönt og fjarlægingar endajaxla gildir t.d. að tannlæknir getur sótt um endurgreiðslu til SÍ fram að 23 ára aldri í ákveðnum tilfellum.

Börn utan SÍ

Ef barn dvelur á Íslandi en stendur utan SÍ gilda sérstakar reglur. Barnið getur t.d. verið hælisleitandi, óskráð „skuggabarn“ eða nýflutt til Íslands og ekki komið inn í kerfi SÍ vegna skrifinnsku. Engu barni má úthýsa eða neita um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, þó svo barnið sé ekki sjúkratryggt á Íslandi. Slíkt stríðir gegn barnaverndarlögum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sé barn í brýnni neyð á barnaverndarnefnd þess sveitarfélags sem barnið dvelst í að grípa inn í. Flest sveitarfélög sinna þessu vel en því miður hef ég þurft að eiga við sveitarfélag sem sinnti ekki þessari skyldu sinni.

Tannréttingar og SÍ

Þáttaka SÍ í tannréttingum er í formi styrks. Fyrir föst tæki (spangir) í öðrum gömnum greiðir SÍ 100 þús. kr. í styrk en 150 þús. kr. fyrir báða göma, fram að 21 árs aldri. Heildarkostnaður er yfirleitt mun hærri. Þessar upphæðir hafa verið óbreyttar í um 18 ár og væru í dag um 210/320 þús. kr. ef verðlagsþróun hefði verið fylgt. Fyrir mjög alvarlegar skekkjur og vel skilgreind vandamál er

hægt að sækja sérstaklega um til SÍ. Má þar helst nefna meðfædda tannvöntun þegar vantar fjórar eða fleiri fullorðins-tennur, alvarleg frávík í andlitsvexti og svo ef barn hefur skarð í gegnum tanngarð eða harða gömminn. Alvarleg slys (sjaldgæf) eru einnig umsóknarhæf. Ef umsókn er samþykkt greiðir SÍ 95% af kostnaðinum. SÍ getur veitt ferðastyrk vegna tannréttinga tvisvar á ári að undangenginni umsókn.

Alvarleg slys (sjaldgæf) eru einnig umsóknarhæf. Ef umsókn er samþykkt greiðir SÍ 95% af kostnaðinum. SÍ getur veitt ferðastyrk vegna tannréttinga tvisvar á ári að undangenginni umsókn.

67+ ára, öryrkjar og SÍ

Haustið 2018 var samþykktur nýr samningur um þjónustu við öryrkja og 67 ára og eldri. Samningurinn felur í sér flestar almennar tannlækningar (t.d. skoðanir, hreinsanir, viðgerðir, rötfullingar, tannfjarlægingar og tanngervi). Af þjónustuliðum samningsins greiðir viðkomandi 50% af raunkostnaðinum og SÍ greiðir 50% á móti. Í samninginn var sett ákvæði um að endurgreiðsluhlutfall SÍ ætti að hækka úr 50% upp í 75% haustið 2019. Það var ekki gert og er endurgreiðslan því enn 50%. Að framfylgja hækkininni heyrir undir heilbrigðisráðherra. Langsjúkir og aðilar á stofnunum geta átt rétt á 100% endurgreiðslu.

Sérúrræði 67+/öryrkja gagnvart SÍ

Af smíði úrtakanlegra tanngerva (heilgómar/„falskar“ og partar) greiðir SÍ 50% af kostnaði. SÍ greiðir hins vegar ekki 50% af föstum tanngervum (krónur/brýr/implönt). Fyrir föst tanngervi tenntra einstaklinga (t.d. krónur eða implantakrónur) greiðir SÍ 60 þús. kr. í styrk árlega (80 þús. kr. fyrir langveika/inniliggjandi). Umsamda 50% endurgreiðslan hækkar tvisvar á ári í takt við vísitölur en fasti styrkurinn hækkar ekkert (væri annars um 64 þús. / 85 þús. m.v. verðlagsþróun). Undarlegt dæmi: Einstaklingur hefur tapað tönn. Kjósi hann að bæta fyrir tönnina með fastri brú eða implanti (ákjósanlegri „A-laun“) greiðir SÍ fyrir hann 60.000 kr. Kjósi hann að bæta fyrir tönnina með úrtakanlegum stálgrindarparti/„gómi“ (hálfgerð „B-laun“) greiðir SÍ hins vegar allt að 170-180 þús. Stundum geta þessar „A“ og „B“ lausnir kostað álíka mikið, en engu að síður fær fólk mun hærri endurgreiðslu og þar með hvata í úrtakanlegu, „verri“ lausnina heldur en fasta laun sem þjónar þó betur og flestir myndu gjarnan vilja.

Hælisleitendur og flóttafólk heyrir ekki undir SÍ

Neyðarþjónusta er sinnt gagnvart hælisleitendum og flóttafólki.

Valkvæðar aðgerðir eru alla jafna látnar bíða. Öðru máli gegnir um kvótaflóttafólk, það nýtur meiri réttinda og stuðnings. Þessi mál eru oft flókin og geta þurft aðkomu m.a. Útlendingastofnunar, heilbrigðisráðuneytis, Alþjóðadeildar SÍ og sveitarfélaga.

Önnur úrræði

- Sum stéttarfélög taka þátt í tannlæknakostnaði. Reglur þeirra eru mjög ólíkar, ráðfærðu þig við þitt félag.
- Ef um slys er að ræða getur verið að almennu tryggingafélögin taki þátt í kostnaðinum.
- Félagsþjónusta sveitarfélaga getur í ákveðnum tilvikum hlaupið undir bagga með aðkallandi inngrip.

Sverrir Örn Hlökkversson, tannlæknir

Nýr formaður FOSS stéttarfélags í almannapjónustu



Á myndinni eru Þuríður Jónsdóttir t.v. Ásbjörn Sigurðsson í miðjunni og Birna Kjartansdóttir varaformaður FOSS t.h.

Á síðasta aðalfundi FOSS sem haldin var á Hótel Selfossi þann 23. september sl., var nýr formaður kosinn, Árný Erla Bjarnadóttir. Árný Erla hefur starfað á skrifstofu FOSS frá árinu 2012. Ásbjörn Sigurðsson hætti sem formaður eftir 11 ár í starfi. Auk þess hætti Þuríður

Jónsdóttir sem stjórnarmaður en hún hefur unnið fyrir félagið í um það bil 20 ár. Félagið þakkar þeim fyrir vel unnin störf og óskar þeim velfarnaðar í framtíðinni. Á fundinum voru einnig Ágústa G. Sigurbjörnsdóttir og Helga Kolbeinsdóttir kosnar í stjórn FOSS.



Námskeið í fjarkennslu

Vegna hertra sóttvarnaraðgerða til að stemma stigu við útbreiðslu Covid-19 verða námskeið IDUNNAR fræðsluseturs næstu tvær vikur eingöngu í boði í fjarkennslu. Þau verða send út í beinu streymi á þeim tíma sem gefinn er upp í námskeiðslýsingu.

Kynnið ykkur fjölbreytt úrval námskeiða á heimasíðu IDUNNAR.



IDAN
fræðslusetur
www.idan.is



Áheitaganga til styrktar Sjóðnum góða

Það er ekki að spyrja að göfuglyndi Kvenfélagskvenna í Grímsnes- og Grafningshrepps sem efna til áheitagöngu laugardaginn 10. okt til styrktar Sjóðnum góða.

Sjóðurinn er samstarfsverkefni sóknarkirkna í Árnessýslu, Rauða krossins, félagsþjónustu Árborgar, félagsþjónustu Árnesþings og ýmissa félagasamtaka í Árnessýslu, þar á meðal kvenfélaganna. Laufey Guðmundsdóttir formaður kvenfélagsins segir er við hittum hana til að forvitnast um áheitagönguna að samstarfið hafi staðið síðan árið 2008 og hafi þann tilgang að veita aðstoð fyrir jólahátíðina til handa þeim sem ekki eiga fyrir nauðþurftum.

„Vegna þeirra tíma sem við lifum núna hafa takmarkanir vegna COVID höggvið skarð í félagsstarf Kvenfélags Grímsneshrepps. Grímsævintýrið og tombólan okkar var slegin af þetta árið en þessir viðburðir eru ein af okkar aðal fjáröflunarleiðum til þess að afla fjár til góðra mála. Við munum heldur ekki halda okkar árlega jólabingó sem er ævinlega vel sótt vegna ástandsins, vegna þeirra fjöldatakmakana og fjarlægðarregla sem eru í gildi. En í þessu ástandi er um að gera að brydda upp á einhverju nýju og hugsa út fyrir boxið til að afla fjár til góðra málefna og halda lífi í félaginu,“ segir Laufey Guðmundsdóttir formaður Kvenfélagsins sem áformar nú að efna til áheitagöngu þar sem kvenfélagskonur ganga Sólheimahringinn, sem er 24 km langur. „Áheitagangan verður laugardaginn 10. október næstkomandi og eigum við von

á góðum undirtektum. Allir sem við höfum rætt við taka vel í hugmyndina og óskum við eftir áheitum, sama hver upphæðin er. Kvenfélagið ætlar að leggja í sjóðinn mótframlag, allt að 500.000 kr. á móti því sem safnast. Það sem safnast afhendum við í Sjóðinn góða fyrir októberlok. Laufey segir að tekið sé á móti áheitum inn á reikning félagsins: 0152-26-020958 kt: 420389-1329 og biður gefendur að skrá í skýringu „áheit“.

Þátttaka í áheitinu gæti gefið tombóluvinning

Kvenfélagskonur ætla að draga úr hópi þeirra sem heita á þær í göngunni og veita þeim hlutdeild í tombóluvinningum sem þær voru búnar að safna í sumar. „Til að nýta eitthvað af þeim tombóluvinningum sem við vorum búnar að safna, áður en að við þurftum að blása tombóluna af, þá fara nöfn þeirra sem heita á okkur í pott og við drögum úr pottinum áhugaverða og skemmtilega vinninga þann 20. október 2020,“ segir Laufey og hvetur þá sem vilja vera með í pottinum að senda kvittun á netfangið kvenfel@gmail.com og í skýringu símanúmer sitt. Við komum síðan vinningunum til skila.

Fyrsti viðburðurinn í heilsueflandi samfélagi

Það er vel viðeigandi að efna til göngunnar á þessum tíma því Grímsnes- og Grafningshreppur var að skrifa undir þátttöku í Heilsueflandi samfélagi. Laufey upplýsir að Kvenfélagið hafi skrifaði nýverið undir samkomulag um að taka

þátt í verkefninu. „Nú þegar takmarkanir eru orðnar enn meiri þá er mikilvægt að huga að andlegu og líkamlegri heilsu. Því tengjum við áheitagönguna um Sólheimahringinn þar sem kvenfélagskonur skiptast á að ganga við heilsueflandi samfélag. Aldrei sem fyrr er mikilvægt að fara út að ganga og fá ferskt loft. Að sjálfsögðu munum við fara eftir öllum þeim sóttvarna-, fjarlægðar- og fjöldatakmörkunum við áheitagönguna. Við kvenfélagskonur í Grímsnes- og Grafningshreppi vonumst til að fá stuðning í þessu verkefni okkar því á viðsjárverðum tímum er stuðningur við þá sem minna mega sín afar mikilvægur.“

Lofsvert framtak og við minnum á söfnunarreikning félagsins; 0152-26-020958, kt: 420389-1329 og munið að skrá í skýringu „áheit“.

BÓNFÉÐGAR

Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Jiibbiir

Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

expert **kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

Slökkvitæki ehf

Hleðsla - Sala - Þjónusta

Austurvegi 52 - Selfossi
Sími 666 9990

Verslun við lítla manninn

hádegistilboð
12:00-16:00

hafidblaa.is
483-1000
12:00-20:00 fim-sun

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020

FYLGDI
Útfararþjónusta

Gisti G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Josera
Gæludýrafóður

Fæst hjá **BYKO** Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðaðþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

Hjólbarðar Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími